

AUGLÝSING**um innflutningskvóta.**

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1970 samkvæmt eftirfarandi lista:

Toll- skrárnr.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1970
09.01.11	Brennt kaffi	kr. 4 000 000
20.04.00	Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri	— 4 000 000
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða	84 tonn
59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og vírmanilla	200 —
85.01.00	Spennar (transformatorar), þó ekki spennar (ballasts) fyrir fluorescentljós	— 7 200 000
94.01.00		
94.03.09		
94.04.00	Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki eldhúsinnréttingar til múr- og naglfestingar, sæti í bifreiðar og aðrar vörur, sem eru á frílista	— 24 000 000
96.01.00		
96.02.09		
96.04.00	Burstagerðarvörur, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur), skaftþvögur, listmálunarpenslar, tannburstar	— 3 000 000

Umsóknir um fyrstu úthlutun ársins skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 15. febrúar 1970.

Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 41 7. marz 1969, um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.

Með auglýsingu þessari, er frá og með 1. marz 1970, úr gildi numin reglugerð nr. 41 7. marz 1969, um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1969.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.